

Nd.

523. Frumvarp

til laga um viðauka við og breyting á lögum nr. 7, 15. júní 1926, um raforkuvirki.

(Eftir 2. umr. i Nd.).

1. gr.

Á eftir 3. gr. nefndra laga komi ný grein, er verður 4. grein, svo hljóðandi
Nú hefir einstakur maður eða félag fengið leyfi til að stofnsetja og starfrækja raforkuver eða raforkuveitu til almenningsþarfa, og skal þá ákveða gjald á raforku í gjaldskrá, er hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn samþykkir og ráðherra staðfestir.

Gjaldskrá skal endurskoða á árs fresti, ef annaðhvort leyfishafi eða sveitar- eða bæjarstjórn óskar þess, og eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

2. gr.

4. gr. laganna verði 5. gr. og á eftir henni komi ný grein, er verði 6. gr., svo hljóðandi:

Nú hefir sveitar- eða bæjarstjórn stofnsett raforkuver eða raforkuveitu og starfrækir til almenningsþarfa í umdæmi sínu, og getur hún þá áskilið sér einkarétt til sölu í umdæminu á rafmagnstækjum og öðrum hlutum raforkuvirkja, sem nota á í sambandi við raforkuveituna.

3. gr.

5. gr. laganna verði 7. gr. og orðist þannig:

Ráðherra setur reglugerð um raforkuvirki. Til raforkuvirkja teljast hér raforkuver, raforkuveita og rafmagnstæki, laus og föst.

Í reglugerð skal setja ákvæði um:

- a. Gerð, uppsetningu og starfrækslu raforkuvirkja, til öryggis gegn hættu og tjóni og til varnar gegn truflunum á viðtöku útvarps og loftskeyta, svo og um gerð, uppsetningu og starfrækslu annara virkja, sem sett eru eða notuð svo nálægt raforkuvirkjum, að tjón eða hætta getur stafað af.

- b. Takmörkun á innflutningi, sölu og notkun tækja og annara hluta raforkuvirkja, er ekki fullnægja þessum skilyrðum.
- c. Skyldu til þess að gefa skýrslu um þau raforkuvirki, sem fyrir hendi eru þegar reglugerðin öðlast gildi, og um ný virki og aukning eldri virkja, svo og að hlíta fyrir mælum ráðherra um rannsókn á slíkum virkjum.
- d. Eftirlit með raforkuvirkjum í húsrúmi, þar sem hætt er við sprengingum eða þar sem erfitt er að halda við nægilega fullkominni einangrun vegna raka eða annara orsaka, svo og með raforkuvirkjum, sem ætla má, að hafi í för með sér sérstaka hættu fyrir líf manna eða mikil verðmæti, og með raforkuvirkjum í leikhúsum og samkomuhúsum. Eigandi virkjanna greiðir kostnað við eftirlitið, eftir nánari fyrir mælum í reglugerð.
- e. Löggilding á hæfum raforkuvirkjum.
- f. Skyldu rafveitustjórna til að hafa eftirlit með því, að rafmagnslagnir og tæki, er notuð eru í sambandi við raforkuveitur þeirra, brjóti eigi í bága við ákvæði settra reglugerða, og um heimild fyrir eftirlitsmann ríkisins að láta stöðva um stundarsakir starfrækslu raforkuveitna eða láta loka fyrir rafmagnsstrauminn hjá einstökum mönnum eða fyrirtækjum, er þverskallast við að hlíta settri reglugerð, svo og að taka löggildingu eða söluleyfi um lengri eða skemmri tíma af þeim, sem hafa gerzt brotlegir við reglugerðina.
- g. Sektir, allt að 1000 kr., fyrir brot á reglugerðinni.

4. gr.

Á eftir 6. gr. laganna, sem verður 8. gr., komi tvær nýjar greinar, er verða 9. og 10. gr., svo hljóðandi:

- a. Ráðherra skipar eftirlitsmann með raforkuvirkjum, til að annast eftirlit, skýrslugerð og annað, sem honum verður falið samkvæmt lögum þessum og þeim reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim. Ráðherra getur einnig falið honum eftirlit með framkvæmdum á ákvæðum reglugerða um varnir gegn útvarpstruflunum, um loftnet fyrir útvarpstæki o. fl.

Eftirlitsmaður skal hafa lokið fullnaðarprófi við rafmagnsdeild verkfræðaháskóla.

- b. Heimilt er ráðherra að ákveða í reglugerð, að eigendur raforkuvera skuli greiða af þeim árlegt gjald til eftirlits ríkisins með raforkuvirkjum. Skal gjald þetta miðast við stærð rafala í orkuveri, og má eigi nema meiru en einni krónu af hverju kilówatti málraun þeirra. Ráðherra setur ákvæði um innheimtu gjalds þessa, og má taka það lögtaki.

Kostnaður við eftirlitið greiðist úr ríkissjóði, að svo miklu leyti, sem ekki er öðruvísi ákveðið í lögum þessum og í reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim. Veitist fé til þess árlega í fjárlögum.

5. gr.

7., 8. og 9. gr. laganna verði 11., 12. og 13. gr., og tilvísanir þeirra í 5. og 7. gr. verði tilvísanir í 7. og 9. gr.

6. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazi staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn i texta laga nr. 7, 15. júní 1926, og gefa þau út svo breytt.